

Sp.

851. Tillaga

til þingsályktunar um verzlunar- og siglingasamninga við Noreg.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að athuga, hvort ekki sé ástæða til að segja upp gildandi verzlunar- og siglingasamningum við Noreg.

Greinargerð.

Þar sem Noregur gerir ráðstafanir til þess að hefta innflutning á nær einu útflutningsvöru vorri til Noregs, sem verða mun til mikils tjóns íslenskum landhúnaði, og þar eð Noregsstjórn hefir ekki viljað sinna tilraunum frá Íslands hálfu um nýtt verzlunarsamkomulag, þá verður ekki hjá því komizt, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir af vorri hálfu um viðskipti þessara ríkja.